



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Leynis Starfsárið 2016

Aðalfundur 6. desember 2016



Golfárið 2016 var 51. starfsár Golfklúbbsins Leynis.

Golfsumarið 2016 var með hefðbundnu sniði, í kjölfarið á stóru ári í starfi klúbbsins árið 2015. Einmuna veðurlíða einkenndi sumarið og nutu kylfingar þess með miklu spili á Garðavelli. Þessi veðurlíða hafði þau áhrif að vallarstarfsmenn þurftu að leggja hart að sér við að halda grasinu í skefjum.

Skráning á spiluðum hringjum á Garðavelli stóð í stað milli ára. Þegar rýnt er í tölurnar kemur í ljós að aukning er spiluðum hringjum félagsmanna og aukinn þátttaka var í móthaldi á vegum GL.

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu þriðja ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með prýði og byggir upp reynslu á stóra sviði atvinnumennskunnar. Hún hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu í högggleik þar sem hún lék stórgott golf og skilaði hún og keppinautur hennar skori sem ekki hefur sést áður í íslensku kvennagolfi á 72 holu móti.

Sveitir GL tóku að vanda þátt í Íslandsmóti golfklúbba en karlasveitin spilaði í 2. deild sem haldið var á Garðavelli Akranesi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017. Kvennasveitin spilaði í 2. deild á Svarfhólsvelli Selfossi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017.


Öldungasveit karla spilaði í 1. deild á Húsatóftarvelli Grindavík og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017. Öldungasveit kvenna spilaði í 1. deild í Öndverðarnesi og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017. Sveit 18 ára og yngri spilaði Strandarvelli Hellu og endaði í 9. sæti af 11 sveitum. Sveit 15 ára og yngri spila á Selsvelli Flúðum og endaði í 9. sæti af 20 sveitum.

Rekstur klúbbsins gekk að óskum og voru rekstrartekjur um 5% hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða klúbbsins er í takt við væntingar og stóðst rekstraráætlun í meginráttum. Fjárhagsstaða klúbbsins er í góðu horfi og liggur nú fyrir að klúbburinn verði skuldlaus um mitt næsta ár. Handbært fé klúbbsins eru rúmar 5 milljónir.

Árið 2016 var fjórða ár Guðmundar Sigvaldasonar í stöðu framkvæmdastjóra Leynis og ber að þakka honum fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins.

Á árinu voru hafnar viðræður við bæjaryfirvöld um mögulega aðkomu bæjarins að bættri félagsaðstöðu hjá Leyni og eru þær viðræður í góðum farvegi.

Í töflunni hér að neðan sést skipting á milli skráðra hringja einstaklinga á Garðavelli árið 2016 og til samanburðar eru árin 2015, 2014, 2013, og 2012, ekki eru taldir með spilaðir hringir í mótum.



Í eftirfarandi greinargerð ársins 2016 er starfssemi klúbbsins gerð skil. Þá eru skýrslur starfandi nefnda hjálagðar.

Aðalfundur 1. desember 2015

Á aðalfundi GL þann 1. desember 2015 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2016.

Úr stjórn gengu :

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára:
Hannes Marinó Ellertsson og Eiríkur Jónsson
- Varamaður til eins árs:
Ingibjörg Stefánsdóttir

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2016 voru:

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára:
Hannes Marinó Ellertsson og Eiríkur Jónsson
- Varamaður í stjórn til eins árs:
Ingibjörg Stefánsdóttir

Áfram sátu Berglind Helgadóttir og Hörður Kári Jóhannesson, kosin til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 15 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða.

Áframhald var á samstarfi við Einar Lyng golfkennara í golfþjálfun okkar kylfinga með áherslu á afreks, barna og unglingastarf. Aukning var á þátttöku barna og ánægjulegt að sjá aukið líf færast í hóp yngri kylfinga. Ánægja hefur verið með störf Einars á árinu og vonast stjórn eftir að áfram verði byggt ofan á það ágæta starf sem fram fer.

Samtarf við Grastec ehf. og Brynjar Sæmundsson var einnig framhaldið og er mikil ánægja innan stjórnar með það samstarf og vonast stjórn til þess að áframhald verði á þeirri samvinnu sem verið hefur.

Haldið var áfram að framfylgja áætlun um endurnýjun vélaflota golfklúbbsins og var ný flatarsláttuvél, sandraka og vinnubíll keypt á árinu.

Í kjölfar síðasta aðalfundar þar sem umræður voru um möguleika klúbbsins varðandi bætta félagsaðstöðu voru hafnar viðræður við bæjaryfirvöld um mögulega aðkomu bæjarins að slíkri fjárfestingu. Viðræðurnar hafa gengið vel og ríkir mikill skilningur hjá bæjaryfirvöldum á þörfinni um bætta aðstöðu. Málin standa þannig nú að umræðan um þetta fer fram innan bæjarins samhliða fjárhagsáætlunargerð fyrir 2017.

Áframhaldandi viðræður voru við Tom Mackenzie, skoskan golfvallarhönnuð, sem gerði skýrslu með hugmyndum um mögulegar breytingar á Garðavelli. Viðræðurnar voru að mestu leiti um nánari útfærslur á hugmyndunum og möguleikum um breytingar á þeim.

Nú er lokið þessu rekstrarári Leynis og er stjórn GL mjög ánægð með að rekstraráætlun sem lagt var upp með á aðalfundi 2015 hafi staðist og gott betur en það og ber að þakka Guðmundi Sigvaldasyni framkvæmdastjóra fyrir árangurinn og góð störf á árinu. Ennfremur ber að þakka félagsmönnum sem tóku virkan þátt í starfsemi klúbbsins með mjög svo óeigingjörnu sjálfbóðaliðastarfi. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2016. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, öldunganefnd karla, og mótanefnd. Nánar er fjallað um starfsemi hvers nefndar í hjálögðum skýrslum.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu þriðja ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með þrýði og byggir upp reynslu á stóra sviði atvinnumennskunnar. Hún hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu í högggleik þar sem hún lék stórgott golf og skilaði hún og keppinautur hennar skori sem ekki hefur sést áður í íslensku kvennagolfi á 72 holu móti.

Valdís Þóra spilaði í 13 mótum erlendis og var árangurinn ágætur og stefnir hún ótrauð áfram og er hún staðráðin í því að hasla sér enn frekari völl í heimi atvinnumennskunnar.

Barna- og unglingastarf GL var með um 15 virka iðkendur í afreksefnastarfinu. Tóku iðkendur GL þátt í hinum ýmsu mótum á vegum GSÍ s.s. Eimskipsmótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga. Var árangur með ágætum þegar á heildina er litið. Sérstaklega er ánægjulegur árangur margra ungra kylfinga og unglinga úr röðum GL sem lækkuðu forgjöf sína mikið á árinu. 15 unglingar fóru á vegum GL í æfingarferð í vor til Spánar, gekk ferðin vel og stefnan er sett á að fara annað hvert ár í æfingarferðir með afreksefnin.

GL sendi að vanda hinar ýmsu sveitir til keppni á vegum GSÍ í Íslandsmót golfklúbba sem áður hét sveitakeppni GSÍ.

Karlasveit spilaði í 2. deild á Garðavelli Akranesi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017. Kvennasveit spilaði í 2. deild á Svarfhólsvelli Selfossi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017.

Öldungasveit karla spilaði í 1. deild á Húsatóftarvelli Grindavík og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017. Öldungasveit kvenna spilaði í 1. deild í Öndverðarnesi og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017.

Sveit 18 ára og yngri spilaði Strandarvelli Hellu og endaði í 9. sæti af 11 sveitum. Sveit 15 ára og yngri spila á Selsvelli Flúðum og endaði í 9. sæti af 20 sveitum.

Félagafjöldi


Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2016 úr 410 í um 435 og er Golfklúbburinn Leynir 11. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ.

Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ eru tæplega 17.000. Fjórir stærstu klúbbar landsins hafa frá rúmum 1.100 félagsmönnum og upp í um það bil 3.000, þar sem GR er stærsti klúbbur landsins.


Hér að neðan sést skipting félagsmanna GL niður á flokka eftir innheimtu árgjalda.




Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 51 árs og eldri inna raða GL heldur en á landsvísu. Almenn fjölgun var í aldurshópnum frá 30 upp í 70 ára og einna mest í aldurshópnum 61 til 70 ára og er þróun næstu ára sú að sá aldurshópur mun fara stækkandi innan ráða GL.



Skipting félagsmanna í konur, karla, börn og unglinga má sjá hér neðar. Hlutfall kvenna eykst um 2% og er 23% félagsmanna, hlutfall karla stendur lækkar hinsvegar um 3% og hlutfall barna hækkar um 2% milli ára.




Hér neðar sést hvernig félagsmenn skiptast niður á mismunandi forgjafarflokkum, niðurstöðurnar eru flestar í takt við almenna skiptingu á landsvísu í samanburði við upplýsingar frá GSÍ.



Mótahald

Mótahald gekk ágætlega sumarið 2016 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikillar fyrirmyndar. Fjöldi móta í sumari voru um 50 sem um 2500 manns sóttu og er það aukning milli ára sem nemur 27%. Gott veður og frábær völlum í góðu standi hefur klárlega haft sitt að segja því þessi aukning milli ára var mjög jákvæð fyrir rekstur GL.

Mótahaldið var að venju fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum ásamt mótahaldi í tengslum við mótaraðir GSÍ og LEK. Hæst stendur þó Íslandsmót golfklúbba í 2. deild karla sem haldið var í júní á Garðavelli og gekk það framar vonum og unnu Leynismenn eftirminnilega það mót.



Meistaramót Leynis var haldið dagana
4. – 9. júlí. Þátttakan var góð og tóku um 130
félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og
unglinga í meistaramóti yngri kylfinga.
Lokahólf mótsins var síðan haldið í sal ÍA við

Meistaraflokkur karla

1. Stefán Orri Ólafsson, 305 högg
2. Hröðmar Halldórsson, 314 högg
3. Jón Örn Ómarsson, 316 högg

1.flokkur karla

1. Einar Lyng Hjaltason, 317 högg
2. Búi Örlýgsson, 326 högg
3. Guðmundur Hreiðarsson, 331 högg

2.flokkur karla

1. Hallgrímur Gíslason Kvaran, 344 högg
2. Guðjón Theodórsson, 345 högg
3. Vilhjálmur E. Birgisson, 346 högg

3.flokkur karla

1. Guðjón Viðar Guðjónsson, 374 högg
2. Emil Kristmann Sævarsson, 382 högg
3. Gunnar Davíð Einarsson, 383 högg

4.flokkur karla

1. Bjarki Jens Gunnarsson Scott, 402 högg
2. Sigurður Sigurjónsson, 409 högg
3. Oddur Pétur Ottesen, 415 högg

Karlar 50+

1. Hlynur Sigurdórsson, 243 högg
2. Birgir Arnar Birgisson, 247 högg
3. Jón Alfreðsson, 248 högg

Karlar 65+

1. Reynir Þorsteinsson, 251 högg
2. Jón Ármann Einarsson, 259 högg
3. Jón Smári Svavarsson, 276 högg

16 - 18 ára

1. Jón Karl Kristján Traustason, 416 högg
2. Aron Bjarki Kristjánsson, 444 högg

15 ára og yngri

1. Valdimar Ólafsson, 266 högg
2. Gabriel Þór Þórðarson, 279 högg
3. Ingimar Elfar Ágústsson, 306 högg

Drengir (rauðir teigar Garðav.)

1. Kári Kristvinsson
2. Bjarki Brynjarsson
3. Daði Már Alfreðsson

Jaðarsbakka og bornar voru fram veitingar frá
Galito.

Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

1.flokkur kvenna

1. María Björg Sveinsdóttir, 352 högg
2. Elín Dröfn Valsdóttir, 368 högg

2.flokkur kvenna

1. Sigríður E. Blumentstein, 387 högg
2. Elín Rós Sveinsdóttir, 390 högg
3. Elísabet Valdimarsdóttir, 398 högg

3.flokkur kvenna

1. Bára Valdís Ármannsdóttir, 309 högg
2. Kristjana Jónsdóttir, 312 högg
3. Ingibjörg Stefánsdóttir, 324 högg

Konur 50+

1. Hrafnhildur Sigurðardóttir, 273 högg
2. Ellen Ólafsdóttir, 290 högg
3. Ásdís Kristjánsdóttir, 311 högg

Stúlkur (rauðir teigar Garðav.)

1. Kristín Vala Jónsdóttir
2. Hekla María Arnardóttir
3. Elísabet Eir Magnúsdóttir

Stúlkur litli Garðavöllur

1. Salka Hrafns Elvarsdóttir
2. Vala María Sturludóttir
3. Elín Anna Viktorsdóttir

Drengir (grænir teigar Garðav.)

1. Bragi Friðrik Bjarnason
2. Hilmar Veigar Ágústsson
3. Máni Berg Ellertsson

Drengir litli Garðavöllur

1. Arnar Gunnarsson
2. Sigurður Brynjarsson

Opinn flokkur 2004+ litli Garðavöllur

Stúlkur

Kristrún Bára Guðjónsdóttir
María Rún Ellertsdóttir

Strákar

Guðmundur Sveinn Gunnarsson

Mótahaldið í sumar tókst að vanda vel og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir óeigingjart og vel
unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2016

Í eftirfarandi samantekt er stutt samantekt á verkefnum ársins, ítarlegri samantekt má finna í skýrslu vallarnefndar þar sem verkefnum er gerð góð skil.

Vinnudagar í apríl tókust vel og var unnið við almenna tiltekt, lagfæringar ýmiskonar, uppsetningu bekka, brautarskilta og annað nauðsynlegt til að undirbúna völlinn fyrir opnun.

Umhirða vallarins tók mikinn tíma þetta sumarið en veðurfar var með eindæmum gott, mikill grasvöxtur og oft á tíðum langir dagar hjá vallarstarfsmönnum til að viðhalda vellinum.

Ekki var mikið um framkvæmdir á Garðavelli á árinu en stærsta einstaka framkvæmdin var lokun skurðar á milli 15. og 16. brauta. Töluverð vinna var í kringum þá framkvæmd. Almenn ánægja hefur verið með framkvæmdina og er ásynd svæðisins mun betri eftirá.

Sérstaklega skal þakka öllum þeim félagsmönnum Leynis sem fúsir hafa lagt hönd á plóg með sjálfböðavinnu sinni í þeim ýmsu verkefnum sem við höfum unnið að þetta árið.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Leynis er sterk og er umfang rekstrarins orðið töluvert mikið. Rekstrartekjur lækkuðu um 11% milli ára og skýrist það af Íslandsmótinu 2015 og afmælisárinu. Tekjur voru þó 5% umfram það sem rekstraráætlun hljóðaði uppá. Rekstrargjöld lækkuðu að sama skapi milli ára en voru 4% hærri en það sem rekstraráætlun sagði til um. Rekstraraufkoma klúbbsins var með ágætum eftir rekstrarárið og nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 5 milljónum króna. Rekstrartekjur voru 79,8 milljónir króna eða 5% umfram áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 74,6 milljónir króna eða 4% umfram áætlun.

Þegar heildar niðurstaða ársins 2016 er skoðuð þá er hagnaður ársins rúmar 1,2 milljónir króna. Efnahagur klúbbsins er í mjög góðu horfi við lok þessa rekstrarárs og stendur

langtímalán klúbbsins nú í um 1,8 milljónum króna og mun það lán verða greitt upp á komandi ári. Á móti stendur að handbært fé klúbbsins stendur í rúmum 5 milljón krónum við lok rekstrarársins.

Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2016 er sterk, bæði hvað varðar rekstrarforsendur sem og efnahag. Áfram sem hingað til er það stefna stjórnar að klúbburinn sé rekinn af varfærni. Framundan er vinna við að endurnýja áætlanir varðandi framkvæmdir og endurnýjun tækjakosts og mun það hjálpa til við að fanga það viðfangsefni sem rekstur klúbbsins er.

Takist að ná samningum við yfirvöld bæjarins um aðkomu að nýrri og bættri félagsaðstöðu mun rekstrarumhverfi klúbbsins breytast mikið. Hvernig sem þau mál þróast mun stjórn miðla þeim upplýsingum til félagsmanna á félagsfundi.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2015 voru um 20 þegar mest lét frá vori til hausts með mismikið vinnuhlutfall. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi á heils árs grundvelli. Einar Lyng íþróttastjóri og golfkennari er í hlutastarfi og launþegi klúbbsins. Einar Lyng hefur umsjón með afreks og barna- og unglingastarfinu innan klúbbsins. Einnig störfuðu við völlinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. GrasTec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, sá um faglega umsjón og ráðgjöf á umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann eins og undanfarin ár en samstarfið hefur reynst klúbbum afar farsælt frá árinu 2013.

Veitingasala

GL rak veitingasöluna eins og fyrri ár en allt frá árinu 2013 hefur veitingasalan verið í höndum GL. Góð reynsla hefur byggst upp meðal starfsmanna GL og markmiðið að bjóða góða þjónustu áfram og gott vöruframboð sem kylfingum líkar þegar þeir heimsækja Garðavöll.

Samningar við aðra golfklúbba

GL gerði í sumar vinavallasamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Vinavallarsamningar eru hugsaðir sem góð viðbót og ábati við það árgjald sem félagar greiða og innhéldu samningarnir afslætti af vallargjöldum. Samstarf var við eftirtalda klúbba:

Vesturland

Golfklúbbur Borgarnes (GB)
Golfklúbburinn Glanni (GGB)
Golfklúbbur Jökull (GJÓ)
Golfklúbburinn Vestarr (GVG)
Golfklúbburinn Mostri (GMS)

Suðurland

Golfklúbburinn Hellu (GHR)
Golfklúbbur Hveragerðis (GHG)
Golfklúbbur Selfoss (GOS)
Golfklúbbur Vestmannaeyja (GV)

Norðurland

Golfklúbbur Akureyrar (GA)
Golfklúbburinn Hamar (GHD)

Reykjanes

Golfklúbbur Grindavíkur (GG)
Golfklúbbur Suðurnesja (GS)
Golfklúbbur Sandgerðis (GSG)

Höfuðborgarsvæðið


Golfklúbbur Mosfellsbæjar (GM)

Umferð um Garðavöll

Umferð um Garðavöll minnkaði lítillega milli ára og í sumar léku um 18.400 kylfingar Garðavöll. Skráning miðast við maí til loka september. Leiknir voru 15.900 hringir skv. skráðum rástímum og 2500 mótahringir. Samtals gerir þetta um 18.400 hringi.

Rekja má ástæðu þessarar góðu umferðar um Garðavöll m.a. til ánægju kylfinga almennt með völinn sem og að veðurfar var með eindæmum gott í sumar.

Völlurinn opnaði fyrr en áður eða um 20. apríl og var strax orðin töluverð umferð á vormánuðum. Úrslitakeppnin í Evrópumótinu í knattspyrnu kann að hafa eitthvað að segja að færri hringir voru spilaðir í júní á Garðavelli en árið 2015. Veðurbliðan hélt áfram langt fram á haust og var töluvert um spilaða hringi langt fram í október.



Hér til hliðar er listi yfir 10 félagsmenn sem eru með flestar skráðar komur á Garðavöll á tímabilinu janúar til loka september 2016. Það er virkilega gaman að sjá hvað margir félagsmenn voru duglegir að spila Garðavöll.

GL félagar með flesta skráða hringi

Nafn	Hringir	Sæti
Reynir Gunnarsson	88	1
Edda Elíasdóttir	84	2
Guðmundur Sigurjónsson	81	3
Sigríður V Gunnarsdóttir	80	4
Þórey Sigríður Ingvarsdóttir	71	5
Páll Leó Jónsson	66	6
Þórir Björgvinsson	65	7
Janus Bragi Sigurbjörnsson	64	8
Hafsteinn Viðir Gunnarsson	63	9-10
Jóhannes Karl Engilbertsson	63	9-10

Samskipti við Akraneskaupstað

GL átti gott samstarf við Akraneskaupstað á árinu eins og undanfarin ár. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar. Góðar viðræður hafa farið fram varðandi mögulega aðkomu bæjarins að bættri félagsaðstöðu og mun það skýrast á næstu vikum hvernig framhald á því verður.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði.

Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og

Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum.

Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af mörgum góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teigmerki, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu.

Landsbankinn er líkt og undanfarinn ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið.

Aðrir megin styrktaraðilar sem að starfinu komu voru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu:

- | | | |
|------------------------------|-----------------------------|----------------------------|
| - Bernhard | - Verkalýðsfélag Akranes | - Apótek Vesturlands |
| - Sjóvá | - Verslunin Bjarg | - Straumnes |
| - Húsasmiðjan | - Terma | - Telnet |
| - Byko | - Úra- og skartgripaverslun | - Trésmiðjan Akur |
| - N1 | - Guðmundar B.Hannah | - Ver |
| - Síminn | - Omnis | - ÞÞÞ |
| - Terma ehf | - Topp Útlit | - Gámapjónusta Vesturlands |
| - Kjaran | - Prentmet | - Club 71 |
| - Ölgerðin | - Mannvit | - Arja |
| - HB Grandi | - BM Vallá | - Klafi |
| - Samhentir/Vörumerking | - Rafpjónusta Sigurdórs | - Sjammi |
| - TM (Tryggingamiðstöðin) | - Markstofa | - Skaginn |
| - Icelandair Hotels | - @home | - Spektra |
| - Jötunn / Vinnuvélar / Toro | - Bíóhöllin Akranesi | - Gámapjónusta Vesturlands |
| - Öryggismiðstöðin | - Vinir Hallarinnar | - Orkusalan |
| - SkjárEinn | - Verslun Einars Ólafssonar | - Matfugl |
| - Golfbúðin | - Skóflan | - 365 / Golfstöðin |
| - Golfskálinn | - BÓB vinnuvélar | |
| - ÍSAM | - Galito | |
| - Bílver | - Blikkverk | |
| - GrasTec | - Blikksmiðja Guðmundar | |

Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir við þann stuðning sem þessir aðilar sem og fjölmargir hafa veitt klúbbum á árinu og undanfarin ár.

Lokaorð

51. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Starfið var með hefðbundnu sniði þetta árið eftir viðburðaríkt ár 2015. Klúbburinn hélt nokkur stór mót á árinu og ber þar helst að nefna Íslandsmót golfklúbba í 2. deild karla og mót nr.2 á Eimskipsmótaröðinni tímabilið 2016 - 2017.

Óhætt að segja að árið hafi verið gott hjá Golfklúbbsnum Leyni í marga staði, rekstrarniðurstaða góð, efnahagur klúbbsins í góðu jafnvægi og félagsstarfið í miklum blóma. Fyrir ekki mörgum árum var fjárhagsstaða klúbbsins ekki álitleg en nú standa mál þannig að klúbburinn verður orðinn skuldlaus á árinu 2017.

Eins og um hefur verið getið hafa verið viðræður við bæjaryfirvöld um mögulega aðkomu þeirra að bætti félagsaðstöðu klúbbsins. Við í stjórn lítum bjartsýnum augum á framhald þeirra viðræðna. Bætt félagsaðstaða myndi gjörbreyta rekstrarumhverfi klúbbsins og auka möguleikana á bættu félagsstarfi innan hans. Ennfremur aukast tekjumöguleikarnir mikið þegar hægt verður að taka á móti stærri viðburðum tengdum golfinu og mögulega aukinni nýtingu allt árið um kring.

Öflugt félagsstarf hefur einkennt klúbbinn og hefur það félagsstarf helst kristallast í öflugu sjálboðaliðastarfi. Ágætis árangur hefur náðst í að efla það góða starf sem hefur verið í kringum kvennastarfi klúbbsins og hefur orðið merkjanleg aukning á þátttöku þeirra. Áfram verður lögð áhersla á að efla og bæta starfið hjá þátttakendum af yngstu kynslóðinni, sem jú er framtíðarauður GL. En gott má alltaf bæta og er það hugur stjórnar að finna leiðir til að efla félagsstarfið „utan vallar“ með einhverjum viðburðum og samkomum.

Staða GL er sterk bæði félagslega sem og efnahagslega, GL hefur á að skipa öflugu liði félagsmanna sem boðnir eru og búnir til þess að leggja hönd á plóg. Mikið aðhald í rekstri og skipulagsbreytingar hefur haft þau áhrif að klúbburinn verður skuldlaus á komandi ári,

sjóðsstaða er sterk og er það gott veganesti til þess að takast á við verkefni komandi ára.

Almennt hefur hægst á fjölgun kylfinga eftir mikla sprengju á fyrsta áratug þessarar aldar. Áhyggjuefni er fækkun kylfinga af yngstu kynslóðinni á landsvísu. Þróunin hjá GL hefur verið jákvæð hvað þessa þætti varðar, fjölgun hefur verið í fjölda félagsmanna ólíkt því sem margir aðrir klúbbar eru að sjá og frekar hefur verið aukning hjá yngri kylfingum.

Áætlun um endurnýjun tækjakosts klúbbsins hefur verið fram haldið, keypt var flatarslátturvél, sandraka og vinnubíll á þessu ári. Fyrir liggur að endurskoða þarf fjárfestingaráætlun sem sett var fram 2013 ásamt því að endurskoða framkvæmdaáætlun fyrir Garðavöll. Byggt á þessum áætlunum mun stjórn vinna áfram ásamt því að halda áfram að stuðla að sterkum félagsanda í klúbbsnum.

Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbsi eins og GL.

Garðavöllur var í góðu standi í sumar, en þrátt fyrir það er ekki ástæða til þess að slaka á kröfunum um góðan golfvöll og mun stjórn kappkosta að halda áfram að bæta gæði vallarins og viðhalda honum þannig að hann verði áfram í fremstu röð golfvalla á Íslandi.

Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2016.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis
Þórður Emil Ólafsson, formaður
6. desember 2016







Skýrslur nefnda

Skýrsla barna og unglínganefndar

Starfsárið 2016 voru um 110 börn og unglíngar 18 ára og yngri, strákar og stelpur þátttakendur í starfi Golfklúbbsins Leynis með einum eða öðrum hætti. Um 20 stelpur á aldrinum 6 til 15 ára æfðu golf og voru duglegar að mæta á æfingar og til annarar þátttöku í starfi klúbbsins.

Flestir iðkendur 15 ára og yngri æfa 2-4 sinnum á viku yfir sumartímann og 2 í viku yfir vetrartímann.

Umsjón með barna- og unglíngastarfinu hafði Einar Lyng íþróttastjóri GL og golfkennari.

Boðið var upp á golf- og leikjanámskeið í sumar fyrir áhugasöm börn á aldrinum 6 til 10 ára og tókst það afar vel. (Um 40 börn) sóttu námskeiðið sem var í umsjón Axels Fannars Elvarssonar, Atla Teits Brynjarsson, Jón Karls K. Traustasonar, Eðvarð Eyfjörðs og Arons Kristjánssonar sem allir eru afreksefni GL og taka virkan þátt í starfinu.

Árangur úr starfinu

Barna og unglíngastarfið var með um 17 virka iðkendur í afreksefnastarfi klúbbsins sem nefnist TLU (Team Leynir unglíngar).

Tóku iðkendur GL þátt í mótum á vegum GSÍ s.s. Íslandsbanka mótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og Íslandsmóti golfklúbba.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 17-18 ára unglínga þar sem þátt tóku 37 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í 14. sæti.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 15-16 ára unglínga þar sem þátt tóku 37 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í 37. sæti.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 14 ára og yngri þar sem 50 kylfingar af öllu landinu og átti Leynir 4 kylfinga sem enduðu í 11.- 26. sæti.

Á Áskorendamótaröðinni í flokki 14 ára og yngri þar sem þátt tóku 33 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 3 kylfinga sem enduðu í topp 15.

Á Áskorendamótaröðinni í flokki 14 ára stúlkna þar sem þátt tóku 16 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 2 kylfinga sem enduðu í topp 10.

Á Áskorendamótaröðinni í flokki 12 ára og yngri þar sem þátt tóku 31 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 4 kylfinga sem enduðu í 9.- 23. sæti.

Á Áskorendamótaröðinni í flokki 15 – 18 ára þar sem þátt tóku 10 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í 9. sæti.

Á Áskorendamótaröðinni í flokki 15 – 18 ára stúlkna þar sem þátt tóku 6 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í 3. sæti.

Afreksefnin tóku einnig þátt í meistaramóti Leynis og fjölmenntu í flokka fullorðinna með ágætum árangri.

Á Íslandsmótinu í högggleik og holukeppni sem og í Íslandsmóti golfklúbba var árangur okkar fólks ágætur.

Ýmis fróðleikur úr starfinu

Vetrarstarfið í almennu starfi hófst af krafti í nóvember 2015 með æfingum í vélaskemmunni ásamt því að æfingasvæðið Teigar var notað þegar veðrið gaf tilefni til.

Golfhermir nýtur mikilla vinsælda og er mikið notaður við inniæfingar.

Unglínarnir stóðu í fjáröflun allan veturinn 2015 – 2016 við að bóna, þrifa og moka snjó til að fjármagna æfingaferð sem var

farin til Spánar. Þau stóðu sig með mikilli
prýði bæði á allan máta þ.e. mættu vel á
æfingar, voru til fyrirmyndar erlendis þar
sem mikið var æft, spilað og haft gaman.
Hótelstýran hrósaði þeim sérstaklega mikið
fyrir þróðmennsku og kurteisi.



Þegar voraði þá hófust útiæfingar af krafti
hjá öllum iðkendum og þegar skólastarfi
lauk í júní var starfið komið í eðlilegan
farveg með virkri þátttöku iðkenda.

Reglulega var spilað á Garðavelli en það er
afar mikilvægt að leyfa framtíðarkyflingum
sem eru að stíga sín fyrstu skref að prófa
völlinn sem fullorðnir spila á.

Mótaröð með stuðning Omnis á Akranesi
var haldin og fjölmenntu börnin í hana og
tóku miklum framförum mörg hver.

Í ágúst var farin árleg óvissuferð með
börnin og spilað á golfvöllinum í
Þorlákshöfn og að lokum farið í sund.
Ferðin tókst vel í alla staði og komu börnin
heim þreytt og ánægð eftir skemmtilegan
dag.

Allir iðkendur innan ráða Leynis áttu kost á
þátttöku í meistaramóti klúbbsins og var
þátttakan með ágætum. Börnin fengu öll
verðlaun og voru sigurvegarar, hver með
sínum hætti. Skipulögðum æfingum barna
lauk í lok september en sumir spiluðu golf
áfram og hafa sést á golfvöllinum eða
æfingasvæðinu þrátt fyrir að daginn sé
farið að stytta mikið. Æfingar hófust að
nýju nú um miðjan nóvember 2016.

Í lokin er rétt að þakka öllum þeim sem að
starfinu koma, iðkendum og foreldrum
þeirra, framkvæmdarstjóra og stjórn GL,
liðsstjórum að ógleymdum þeim
fyrirtækjum sem styrkja barna- og
unglingastarf GL en án þeirra stuðnings
væri erfitt að halda úti öflugum starfi.

F.h. barna og unglinganefndar
Einar Lyng íþróttastjóri og golfkennari GL.



Mynd: Þátttakendur í óvissuferð sem farin var í ágúst 2016 en Golfklúbbur Þorlákshafnar var heimsóttur.

Skýrsla vallarnefndar

Í vallarnefnd tímabilið 2015 til 2016, sátu:

Alfreð Þór Alfreðsson formaður

Hörður Kári Jóhannesson

Reynir Þorsteinsson

Kristvin Bjarnason

Vilhelm Jónsson

Guðmundur Sigvaldason

framkvæmdastjóri og Brynjar

Sæmundsson vallarstjóri tóku virkan þátt í störfum vallarnefndar.

Sumarið 2016 var gott gróðurfarslega séð, það voraði snemma og sumarið var milt og mikið um góðviðrisdaga. Garðavöllur var snemma laus við frost úr jörðu og litlar vetrarskemmdir voru í vellinum.

Garðavöllur opnaði tímabundið um 20. apríl en formleg opnun var 30. apríl og lokaði um miðjan nóvember 2016.



Umhirða vallarins var með hefðbundnu sniði en sláttutímabilið var í lengra lagi vegna góðs veðurfars. Mikill grasvöxtur var yfir hásumarið og fór mikill tími í að hirða grasslægju í karganum til að halda ásýnd vallarins viðunandi. Karginn var oft þéttur og þungur að slá úr fyrir kylfinga, sérstaklega ef rekja var í grassverðinum. Hugsanlega þarf að skoða á næstu misserum að lækka sláttur hæð í karga til að minnka grasslægju og auðvelda leik hjá kylfingum en reynsla segir að þá um leið eykst ánægja og leikur gengur hraðar.

Sjö starfsmenn voru við reglubundin slátt og viðhald á vellinum frá miðjum apríl til loka ágúst og síðan eitt og hálft starf í september. Auk þess voru unglingar úr vinnuskóla Akraneskaupstaðar tímabundið við störf á vellinum í um 8 -10 vikur.

GrasTec ehf kom að stjórnun Garðavallar og sá um viðhaldsverkefni s.s. loftun, áburðargjöf, söndun og endurbætur á velli og Steðji ehf sá um vélaviðgerðir og vélaviðhald.



Ráðist var í stórt verkefni á Garðavelli á þessu rekstrarári, lokun skurðs á milli 15. og 16. brautar. Þessi framkvæmd breytir umræddu svæði mjög mikið til góðs og ekki annað að heyra en að félagsmenn Leynis og gestir hafi verið ánægðir með þessa bót á Garðavelli.

Haldið var áfram með hreinsun nokkurra skurða s.s. sunnan við 4. braut og sunnan við 17. braut að hluta.

Keypt voru þrjú ný tæki á golfvöllinn á árinu. Toro GM3420 flatarslátturvél, Toro SandPro 2040Z sandraka og Toro MDX vinnubíll. Komu þessi tæki mjög vel út í notkun á vellinum og var mikil ánægja meðal starfsmanna með árangur af vinnu þessara tækja.

Félagsmenn hafa verið duglegir að láta vinnu af hendi rakna þegar þeirrar aðstoðar hefur verð óskað. Nokkrir vinnudagar voru í apríl við tyrfingu á svæði



milli 15. og 16. brautar sem félagsmenn

gáfu sig í. Auk þess sem brautarskilti, bekkir og fleira var standsett á velli af félagsmönnum fyrir opnun vallar í lok apríl. Halldór F. Jónsson hefur verið ósérhlífinn við að aðstoða okkur í tilfallandi verkum á Garðavelli og vélaskemmu og Jón Einarsson sá um stóran hluta vélavinnu við framkvæmd milli 15. og 16. braut og hreinsun skurða.

Öllum þeim félagsmönnum, nefndum og ónefndum, sem komið hafa að sjálfböðavinnu á Garðavelli þetta árið skal sérstaklega þakkað þeirra góða framlag.

Einnig skal þakka starfsmönnum golfvallarins fyrir þeirra vinnuframlag í sumar.



Fyrir hönd vallarnefndar GL
Brynjar Sæmundsson vallarstjóri.



Skýrsla kvennanefndar

Í kvennanefnd tímabilið 2015 til 2016 voru 4 konur. Formaður nefndarinnar var Ingibjörg Stefánsdóttir og meðstjórnendur þær Berglind Helgadóttir María Björg Sveinsdóttir og Soffía Margrét Pétursdóttir.

Árlegt kósýkvöld Leyniskvenna var haldið 10. mars. Farið var yfir dagskrá sumarsins og fuglaleikurinn kynntur. Fuglaleikurinn er þannig að konur skrá alla fugla sem þær fá yfir sumarið og setja í pott, svo er ein dregin úr pottinum á lokahófinu. Einnig fengum við góða gesti. Hulda Birna Baldursdóttir kom með skemmtilegan fyrirlestur um konur og golfþróttina, fyrirlesturinn var mjög hvetjandi og skemmtilegur.

Eins og undanfarin ár voru þriðjudagar kvennagolfdagar, en þá spila konur saman á fráteknum tímum.

Veðrið var e-ð að stríða okkur í maí og þurftum við tvívegis að fresta okkar árlega vön/óvön móti. Mótið var haldið 7. júní og eins og venjulega var spilað með Texas Scramble fyrirkomulaginu. Að þessu sinni tóku 20 konur þátt í mótinu.

Laugardaginn 27. júní var Opna Helena Rubenstein mótið haldið. 54 konur tóku þátt í mótinu að þessu sinni. Terma sem sem selur Helena Rubenstein snyrtivörurnar á heiður skilið fyrir þetta glæsilega mót. Kvennanefndin vill þakka öllum þeim sem komu að þessu móti kærlega fyrir hjálpina.

Eins og venjulega átti sumargleði kvenna að fara fram 19. Júní. En vegna lítillar þátttöku þá þurfti að aflýsa mótinu að þessu sinni.

Í júlí fannst okkur vera kominn tími til að hrista konurnar e-ð saman og ákvað nefndin að gera breytingu á áætluðu skipulagi. Blásið var til einnar kylfu móts þann 19. júlí og tóku 25 konur þátt í mótinu. Konurnar mættu hressar og kátar

í alls konar búningum með púttar og eina golfkylfu.

Vesturlandsmót kvenna var haldið á Bárarvelli í Grundarfirði, þann 28. ágúst sl. Þátttaka var með ágætum þegar á heildina er litið, þó afar dræm frá GL eða eingöngu 5 konur. Keppt var um efstu þrjú sæti í högggleik, efstu þrjú í punktakeppni og sú sveit sem skorar flestar punkta (fjórar efstu úr hverjum klúbbi telja) vinnur mótið. Að loknu móti var þátttakendum boðið í sundlaug bæjarins, farið í skoðunarferð um bæinn og næsta nágrenni. Að endingu var haldið á ný í klúbbhús Vestarr, snæddur sameiginlegur kvöldverður og verðlaun afhent. Félagar Vestarr mega vera stoltir af mótinu og umgjörð því tengdri.

Leyniskonur voru með lið í 2.deild á Íslandsmóti golfklúbba sem fram fór á Svarfhólsvelli 24.-26. júní 2016. Í liðinu að þessu sinni voru Arna Magnúsdóttir, Elín Dröfn Valsdóttir, Friðmey Jónsdóttir, María Björg Sveinsdóttir, Valdís Þóra Jónsdóttir og Ella María Gunnarsdóttir sem var einnig liðsstjóri. Stelpurnar stóðu sig mjög vel og lentu þær í 1. sæti og keppa því í 1. deild á næsta ári.

Einnig tóku Leyniskonur þátt í Íslandsmóti golfklúbba kvenna 50 ára og eldri. Spilað var á golfvöllinum í Öndverðanesi. Eftir gott gengi á síðasta ári spiluðu þær í 1.deildinni þetta árið. Þær stoppuðu stutt við í 1.deildinni og munu keppa í 2.deild að ári. Sveitina skipuðu Ásdís Kristjánsdóttir, Bryndís Rósa Jónsdóttir, Ellen Ólafsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Jenný Sigurðardóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Sigríður Ellen Blumenstein og Svandís Rögnvaldsdóttir.

Lokamót Leyniskvenna sem vera átti 10. september var frestað vegna lítillar þátttöku. 29. September var síðan lokahófið okkar haldið. Byrjað var með fordrykk í skálanum og svo slógum við upp púttmóti og skemmtilegri vipp keppni. Að því loknu voru léttar veitingar og verðlauna afhending í skálanum.

Markmið kvennanefndarinnar er m.a. að skipuleggja ofantalin mót, sækja vinninga til fyrirtækja, skapa létt og skemmtilegt andrúmsloft í kvennastarfinu og taka vel á móti nýjum konum í starfið. Einnig höfum reynt að vera duglegar að upplýsa konur það sem er framundan og hvað hefur verið í gangi með því að senda tölvupóst og halda Facebook síðu Leyniskvenna lifandi.


Kvennanefndin vill þakka öllum þeim sem studdu við kvennastarfið í sumar kærlega fyrir stuðninginn. Án sjálfboðaliða og stuðningsaðila væri starf sem þetta mjög erfitt.

F.h. kvennanefndar
Ingibjörg Stefánsdóttir, formaður.

<https://www.facebook.com/Leyniskvisur>



Mynd: Frá verðlaunaafhendingu í HR mótinu



Mynd: Elísabet Valdímarsdóttir í flottasta búningnum á einnarkylfumótinu



Mynd: Golfmótin okkar enda alltaf með huggulegri kvöldstund



Mynd : Púttmót sem var hluti af lokamótinu



Mynd: Kvinnalið Leynis í sveitakeppninni 2016



Mynd: Flottar Leynisskvísur á golfvælinum



Mynd: Leynisskvísur á leið út á völl í einnarkylfumótinu

Skýrsla mótanefndar

Í mótanefnd tímabilið 2015 – 2016 sátu Þórður Elíasson formaður, Eiríkur Jónsson, Einar Jónsson, og Viktor Elvar Viktorsson. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri tók virkan þátt í störfum mótanefndar ásamt fjölda félagsmanna sem lagði mótahaldi GL sína aðstoð líkt og undanfarin ár.

Fjöldi móta í sumar var rétt um 50 og voru mótin vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum en mótin sóttu um 2500 manns samkvæmt skráningum á golf.is. Þátttaka í mótum jókst um 27% milli ára en skýringa má m.a. leita í að Garðavöllur opnaði snemma þetta vorið eða um 20. apríl og veðurfar var einstaklega gott í allt sumar og skartaði Garðavöllur sínu fegursta að venju sem heillaði margan kylfinginn.

Mótahaldið var að venju fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, opnum mótum og mótum sem kvennanefnd sá alfarið um að ógleymdum mótum á vegum GSÍ og LEK.

Að venju voru miðvikudagsmót vel sótt af félagsmönnum en um 700 mótis hringir voru skráðir samkvæmt golf.is, og óhætt að tala um að sterk hefð sé kominn fyrir þessum

mótaröðum sem styrktar eru af Landsbankanum og HB Granda.

Meistaramótið var haldið í júlí að venju. Börn og unglingar spiluðu frá 4. júlí til 5. júlí og hófu síðan fullorðnir leik þann 6. júlí og luku leik 9. júlí. Þátttakendur voru um 130 að meðtöldum börnum og unglingum.

Meistaramótið þótti takast vel og lauk því með lokahófi í golfskála fyrir börn og unglinga og sal ÍA við Jaðarsbakka þar sem klúbbmeistarar voru krýndir en Stefán Orri Ólafsson varð hlutskarpastur í meistaraflokki karla. Ekki var keppt í meistaraflokki kvenna í þetta skiptið og varð hlutskörpust í 1. flokk kvenna María Björg Sveinsdóttir (önnur úrslit má sjá í skýrslu stjórnar).

Mótanefndin vill þakka öllum styrktaraðilum sem studdu við mótahaldið í sumar. Mótanefndin vill einnig þakka félagsmönnum og öllum sem komu að mótahaldi með einum eða öðrum hætti fyrir aðstoðina.

F.h. mótanefndar
Þórður Elíasson, formaður.

Skýrsla öldunganefndar

Öldungastarfið (kylfingar 50 ára og eldri) var með hefðbundnum hætti þetta sumarið líkt og undanfarin sumur.

Ekki voru önnur skipulögð verkefni en þátttaka í Íslandsmóti golfklúbba eldri kylfinga sem fram fór um miðjan ágúst. GL sendi tveir sveitir til leiks þ.e. karla og kvennasveit sem að þessu sinni spiluðu báðar í 1. deild. Keppt var á Suðurlandinu en karlasveitin spilaði í Grindavík meðan kvennasveitin spilaði Öndverðarnesi.

Öldungahópurinn hefur almennt styrkt á undanförunum árum og nú einnig yngst hjá körlum en lágmarksaldri var breytt úr 55 ára í 50 ára í upphafi þessa árs. Að sama skapi er forgjafarlægri kylfingum að fjölga jafnt og þétt sem geta tekið þátt í keppnum sem þessum fyrir hönd GL.

Karlasveitin var skipuð eftirfarandi kylfingum:

1. Hlynur Sigurdórsson
2. Jóhann Þór Sigurðsson
3. Birgir Arnar Birgisson
4. Halldór B. Hallgrímsson
5. Reynir Sigurbjörnsson
6. Björn Bergmann Þórhallsson
7. Björn Halldór Björnsson
8. Aðalsteinn Huldarsson

Liðsstjóri var Þórður Elíasson.

Karlasveitin átti ágætis leiki og gátu leikar farið á báða vegu undir lok keppinnar en á endanum varð sveit GL að lúta lægra og féll niður um deild og spilar að ári í 2. deild.

Kvennasveitin var skipuð eftirfarandi kylfingum:

1. Ellen Blumenstein
2. Ellen Ólafsdóttir
3. Bryndís Rósa Jónsdóttir
4. Hrafnhildur Sigurðardóttir
5. S. Jenný Sigurðardóttir
6. Svandís Rögnvaldsdóttir
7. Ragnheiður Jónasdóttir

Liðstjóri var Hrafnhildur Sigurðardóttir.

Kvennasveitin stóð sig að sama skapi vel og átti fína leiki. Leikar enduðu með sama hætti og karlasveitinni að sveit GL féll niður um deild og spilar að ári í 2. deild.

F.h. öldunganefndar
Þórður Elíasson



Myndir: Sveitir eldri kylfinga karlar, 50 ára og eldri og konur, 55 ára og eldri

Skýrsla forgjafarnefndar

Á vormánuðum var forgjöf þeirra félagsmanna GL sem skiluðu þremur eða fleiri gildum hringjum sumarið 2015 endurskoðuð. Endurskoðunin er í samræmi við reglu 26.1 í EGA forgjafarkerfinu og var þetta í áttunda sinn sem endurskoðunin er framkvæmd. Endurskoðuninni er ætlað að tryggja að hver félagsmaður hafi sem réttasta forgjöf og hún sé í samræmi við þá hringi sem hann hefur skilað inn.

Dráttur varð á að GSÍ keyrði endurskoðunina inn í kerfi sín þannig sumir kylfingar byrjuðu sumarið með óleiðréttu forgjöf. Í einstaka tilvikum hafði þetta áhrif og var það leiðrétt í samvinnu við viðkomandi kylfing.

Lögð var áhersla á það við GSÍ að slík vinnubrögð mættu ekki endurtaka sig enda er þá markmiðinu með endurskoðun forgjafar ekki náð er sumarið byrjar.

F.h. forgjafarnefndar
Stefán Orri Ólafsson






Ársreikningur fyrir starfsárið 2016



Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2015 til 31. október 2016 með undirritun sinni.

Akranesi, 6. desember 2016



Þórður Emil Ólafsson
Formaður Leynis



Hannes Marinó Ellertsson, gjaldkeri



Berglind Helgadóttir, ritari



Eiríkur Jónsson, meðstjórnandi



Hörður Kári Jóhannsson, meðstjórnandi



Ingibjörg Stefánsdóttir, varamaður



Guðmundur Sigvaldason, framkv.stjóri

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgiskjölum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2015 til 31. október 2016 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við ársreikninginn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.


Andrés Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður


Elías H. Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

Akranesi þann 6/12 2016

REKSTRARREIKNINGUR

01.11.2015 - 31.10.2016

					% hlutfall áætl./rekst. Rekstur	% hlutfall milli 2015 og 2016
	Skýr.	Rekstur 2016	Rekstraráætl. 2016	Rekstur 2015	2016	
REKSTRARTEKJUR						
Félagsgjöld		19.605.920,00	17.500.000,00	16.921.200,00	12%	16%
Tekjur af golfmótum	1	9.423.450,00	10.000.000,00	6.900.215,00	-6%	37%
Barna- og unglingastarf	4	2.433.021,00	3.700.000,00	3.218.525,00	-34%	-24%
Framlög og styrkir	5	13.004.261,00	13.500.000,00	17.732.105,00	-4%	-27%
Tekjur af golfskála	3	14.028.496,00	15.500.000,00	17.008.227,00	-9%	-18%
Tekjur af velli	2	21.226.622,00	15.500.000,00	15.908.038,00	37%	33%
Afmælisár 2015	18	0,00	0,00	1.590.000,00	0%	-100%
Íslandsmótið í högggleik	19	0,00	0,00	10.375.000,00	0%	-100%
REKSTRARTEKJUR ALLS		79.721.770,00	75.700.000,00	89.653.310,00	5%	-11%
REKSTRARGJÖLD						
Stjórnun & rekstur skrifstofu	7	16.285.624,00	16.950.000,00	14.896.772,00	-4%	9%
Sameiginlegur kostnaður	8	3.285.502,00	3.000.000,00	2.987.888,00	10%	10%
Rekstur Garðavallar	9	25.634.572,00	24.000.000,00	23.710.380,00	7%	8%
Rekstur & viðhald fasteigna	10	3.200.957,00	3.000.000,00	3.203.594,00	7%	0%
Rekstur golfskála	11	15.773.749,00	15.200.000,00	18.210.324,00	4%	-13%
Barna- og unglingastarf	12	4.898.604,00	4.750.000,00	4.672.381,00	3%	5%
Keppnissveitir og afrekskostn.	13	1.221.356,00	1.000.000,00	1.523.108,00	22%	-20%
Kostnaður af golfmótum	14	4.378.760,00	3.700.000,00	4.547.013,00	18%	-4%
Afmælisár 2015	16	0,00	0,00	1.878.998,00	0%	-100%
Íslandsmótið í högggleik	17	0,00	0,00	10.707.396,00	0%	-100%
REKSTRARGJÖLD ALLS		74.679.124,00	71.600.000,00	86.337.854,00	4%	-14%
REKSTRARHAGNAÐUR/-TAP		5.042.646,00	4.100.000,00	3.315.456,00	23%	52%
FYRNINGAR		-2.957.279,00	-3.500.000,00	-3.536.431,00	-16%	-16%
HAGNAÐUR/-TAP FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD		2.085.367,00	600.000,00	-220.975,00	248%	-1044%
FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD						
Vaxtatekjur & verðbætur		561.169,00	700.000,00	680.693,00	0%	-18%
Vaxtagjöld, bankakostn. afskr. kröfur	15	-1.443.492,00	-1.000.000,00	-975.665,00	44%	48%
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS		-882.323,00	-300.000,00	-294.972,00	194%	199%
HAGNAÐUR/-TAP ÁRSINS		1.203.044,00	300.000,00	-515.947,00		

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2016

EIGNIR

				Breyting í % milli 2015 og 2016
	Skýr.	31.10.2016	31.10.2015	
FASTAFJÁRMUNIR				
Varanlegir rekstrarfjármunir				
Mannvirki		61.858.219,00	63.229.402,00	-2%
.- Hlutur Akraneskaupstaðar í skemmu		-47.000.000,00	-44.000.000,00	7%
.- Byggingastyrkir v. skemmu		-3.113.671,00	-3.113.671,00	0%
Golfvöllur		65.430.865,00	62.229.690,00	5%
Vélar og búnaður		22.400.666,00	13.633.552,99	64%
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir		99.576.079,00	91.978.972,00	8%
SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR				
		99.576.079,00	91.978.972,00	8%
VELTUFJÁRMUNIR				
Skammtímakröfur				
Vörubirgðir		709.350,00	747.798,00	
Kortaviðskipti og samningar		497.725,00	323.700,00	54%
Viðskiptakröfur		5.621.884,00	5.603.677,00	0%
Samtals skammtímakröfur		6.828.959,00	6.675.175,00	2%
Handbært fé				
Sjóður		23.942,00	64.500,00	
Hlaupareikningur LÍ		828.604,00	3.494.353,00	-76%
Vaxtareikningur LÍ		4.000.831,00	11.829.371,00	
Sparireikningur LÍ		677,00	91.485,00	-99%
LÍ veltureikn. 601		205.169,00	50.504,00	306%
Samtals handbært fé		5.059.223,00	15.530.213,00	-67%
SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR				
		11.888.182,00	22.205.388,00	-46%
SAMTALS EIGNIR				
		111.464.262,00	114.184.359,99	-2%

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2016

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Breyting í %			
milli 2015 og			
Skýr.	31.10.2016	31.10.2015	2016
EIGIÐ FÉ			
Yfirfært frá fyrri árum	107.358.643,00	107.874.590,00	0%
Hagn / -Tap á reikningsárinu	1.203.044,00	-515.947,00	-333%
Samtals eigið fé	108.561.687,00	107.358.643,00	1%
SKULDIR			
Langtímaskuldir			
Landsbanki Íslands lán	1.758.065,00	3.867.745,00	-55%
Næsta árs afborgun	-1.758.065,00	-2.109.684,00	-17%
Samtals langtímaskuldir	0,00	1.758.061,00	-100%
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	641.024,00	1.429.548,00	-55%
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.479.080,00	1.399.908,00	6%
Ógreiddur virðisaukaskattur	-988.946,00	115.166,00	-959%
Áfallnir vextir langtímalána	13.352,00	13.352,00	0%
Næsta árs afborgun langtímalána	1.758.065,00	2.109.684,00	-17%
Samtals skammtímaskuldir	2.902.575,00	5.067.658,00	-43%
SAMTALS SKULDIR	2.902.575,00	6.825.719,00	-57%
SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	111.464.262,00	114.184.362,00	-2%

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2015 - 31.10.2016

Rekstrarhreyfingar	Árið 2016	Árið 2015
Hagnaður (tap) ársins	1.203.043,98	-515.947,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Afskriftir	2.957.279,00	3.536.431,00
Veltufé frá rekstri	4.160.322,98	3.020.484,00
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	38.448,00	-393.573,00
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	-192.232,00	-2.569.258,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	-1.813.462,00	1.090.371,00
Nettó breyting	-1.967.246,00	-1.872.460,00
Handbært fé frá rekstri	2.193.076,98	1.148.024,00
Fjárfestingarhreyfingar		
Eignfærðar framkvæmdir vélaskemmu	0,00	-933.114,00
Eignfærðar framkvæmdir á velli	-3.201.175,00	0,00
Keypt tæki	-10.353.210,00	-785.221,00
Vallarsalerni	0,00	-1.004.092,00
Fjárfestingarhreyfingar	-13.554.385,00	-2.722.427,00
Fjármögnunarhreyfingar		
Byggingaframlag frá Akraneskaupstað	3.000.000,00	8.000.000,00
Byggingaframlag fyrirtækja	0,00	223.010,00
Afborganir langtímaskulda	-2.109.680,00	-2.109.681,00
Fjármögnunarhreyfingar	890.320,00	6.113.329,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	-10.470.988,00	4.538.925,00
Handbært fé í upphafi árs	15.530.212,00	10.991.287,00
Handbært fé í lok árs	5.059.223,00	15.530.212,00

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2016

	Rekstur 2016	Rekstur 2015	% hlutfall milli 2015 og 2016
NR. 1 Tekjur af mótum			
Innanfélagsmót	2.162.600,00	1.900.700,00	14%
Opin mót	4.170.250,00	2.702.315,00	0%
Styrkir v. golfmóta	3.090.600,00	2.297.200,00	35%
Samtals	9.423.450,00	6.900.215,00	37%
NR. 2 Tekjur af golfvelli			
Vallargjöld	13.817.750,00	11.014.093,00	25%
Framlög og styrkir	3.293.840,00	1.305.200,00	0%
Leiga golfbíla og kerra	804.350,00	760.300,00	6%
Tekjur af boltavél	1.408.950,00	1.056.874,00	33%
Útlega skápa	329.000,00	265.000,00	24%
Tekjur af golfhermi	376.000,00	266.200,00	41%
Húsaleigutekjur	308.400,00	163.600,00	89%
Aðrar tekjur	98.928,00	111.292,00	-11%
Samtals	20.437.218,00	14.942.559,00	
Tekur af útleigu tækja			
Útleiga slátturvéla	789.404,00	965.479,00	-18%
Samtals	789.404,00	965.479,00	
Samtals teljur af golfvelli	21.226.622,00	15.908.038,00	33%
NR. 3 Tekjur af golfskála			
Vörusala golfvörur	4.857.316,00	4.011.775,00	0%
Vörusala veitingar	8.507.780,00	11.075.658,00	21%
Aðrar tekjur án vsk.	0,00	1.465.794,00	0%
Útleiga	663.400,00	455.000,00	46%
	14.028.496,00	17.008.227,00	0%
NR. 4 Barna- og unglingastarf			
Styrkir v.unglingastarfs	915.000,00	1.828.375,00	-50%
Félagsgjöld	1.136.000,00	1.101.500,00	3%
Tekjur af styrktarmótum ungl.st.	350.000,00	210.000,00	67%
Ýmsar tekjur	32.021,00	78.650,00	0%
Samtals	2.433.021,00	3.218.525,00	-24%
NR. 5 Framlög & styrkir			
Akraneskaupst.-rekstrarst.	8.621.176,00	8.440.016,00	2%
Önnur framlög & styrkir	4.383.085,00	9.292.089,00	
Samtals	13.004.261,00	17.732.105,00	-27%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2016

	Rekstur 2016	Rekstur 2015	% hlutfall milli 2015 og 2016
Nr. 7 Stjórnun & rekstur skrifstofu			
Laun og launat.gjöld	14.912.243,00	13.511.935,00	10%
Síma- og internetkostnaður	509.793,00	758.260,00	-33%
Póstburðargjöld	58.415,00	89.366,00	-35%
Skrifstofubúnaður	119.851,00	7.990,00	1400%
Ritföng, pappír og prentun	162.731,00	153.596,00	6%
Húsnæðiskostnaður/viðh. ofl.	104.982,00	0,00	0%
Annar skrifstofukostnaður	417.609,00	375.625,00	11%
Samtals	16.285.624,00	14.896.772,00	9%
Nr. 8 Sameiginlegur kostnaður			
Félagsskattur GSÍ	1.829.956,00	1.713.000,00	7%
Ferða- & fundarkostnaður	68.618,00	189.731,00	-64%
Gjafir & viðurkenningar	144.980,00	56.098,00	158%
Kostnaður v. félagskort	49.342,00	28.681,00	72%
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	417.260,00	652.911,00	-36%
Annar sameiginlegur kostnaður	775.346,00	347.467,00	123%
Samtals	3.285.502,00	2.987.888,00	10%
Nr. 9 Rekstur golfvallar			
Tryggingar og skattar	209.163,00	158.914,00	32%
Vallarviðhald, efni, vinna	6.297.915,00	9.558.156,00	-34%
Laun og launatengd gjöld	13.770.088,00	9.458.972,00	46%
Viðhald tækja og áhalda	2.793.704,00	2.428.226,00	15%
Tækjaleiga	379.784,00	203.050,00	87%
Bensín og olíur	969.173,00	1.028.472,00	-6%
Prentun skorkorta ofl	596.570,00	0,00	0%
Annar kostnaður	250.996,00	483.613,00	-48%
Samtals	25.267.393,00	23.319.403,00	8%
Kostnaður v. útleigu tækja			
Laun og launatengd gjöld	235.795,00	260.633,00	-10%
Viðhald tækja og áhalda	40.323,00	40.323,00	0%
Bensín og olíur	91.061,00	90.021,00	1%
Samtals v. útleigu tækja	367.179,00	390.977,00	-6%
Samtals rekstur golfvallar	25.634.572,00	23.710.380,00	8%
Nr. 10 Rekstur og viðhald fasteigna			
Viðhald fasteigna	56.433,00	304.704,00	-81%
Ýmis rekstrarkostnaður	1.106.701,00	784.168,00	41%
Fasteignagjöld	1.697.161,00	1.798.709,00	-6%
Tryggingar fasteigna	340.662,00	316.013,00	8%
Samtals	3.200.957,00	3.203.594,00	0%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2016

	Rekstur 2016	Rekstur 2015	% hlutfall milli 2015 og 2016
Nr. 11 Rekstur skála			
Vörunotkun 11%	5.127.413,00	4.839.226,00	6%
Vörunotkun 24%	2.009.007,00	2.696.832,00	-26%
Laun og launatengd gjöld	6.093.096,00	8.470.902,00	-28%
Annar starfsmannakostnaður	119.014,00	503.023,00	-76%
Þjónustugjöld	870.513,00	665.028,00	31%
Rekstur húsnæðis	983.126,00	702.591,00	40%
Tækjakostnaður	131.551,00	260.222,00	-49%
Hreinlætisvörur og gámapjónusta	285.900,00	0,00	0%
Annar kostnaður	154.129,00	72.500,00	113%
	15.773.749,00	18.210.324,00	-13%
Nr. 12 Barna- og unglingastarf			
Golfþjálfun - laun og launat.gjöld	4.051.271,00	3.876.158,00	5%
Afreksstyrkir	0,00	34.500,00	-100%
Sveitakeppni unglunga	499.871,00	575.050,00	-13%
Keppniskostn. v. unglingamóta	82.400,00	82.745,00	0%
Kostnaður v. fjáröflunar	208.844,00	0,00	0%
Annar kostn. v. unglingastarfs	56.218,00	103.928,00	-46%
Samtals	4.898.604,00	4.672.381,00	5%
Nr. 13 Keppnissveitir og afrekskostn.			
Sveitakeppni karla	127.264,00	594.263,00	-79%
Sveitakeppni kvenna	335.051,00	148.836,00	125%
Sveitakeppni öldunga karla	351.900,00	329.437,00	7%
Sveitakeppni öldunga kvenna	407.141,00	218.572,00	86%
Afreksstyrkir	0,00	232.000,00	-100%
Samtals	1.221.356,00	1.523.108,00	-20%
Nr. 14 Kostnaður af golfmótum			
Verðlaun	2.701.740,00	3.486.844,00	-23%
Annar kostnaður af mótum	1.677.020,00	1.060.169,00	58%
Samtals	4.378.760,00	4.547.013,00	-4%
Nr. 15 Vaxtagjöld, bankakostn, afskr. kröfur			
Þóknun v. banka og greiðslukorta	561.495,00	543.108,00	3%
Afskrifaðar kröfur	568.018,00	0,00	0%
Vextir langtímalána	203.712,00	308.038,00	-34%
Fjármagnstekjuskattur	110.267,00	124.519,00	-11%
Samtals	1.443.492,00	975.665,00	48%
Nr. 16 50 ára afmæli			
Aðkeypt þjónusta	0,00	760.547,00	0%
Kynningar og auglýsingar	0,00	648.413,00	0%
Annar kostnaður	0,00	470.038,00	0%
Samtals	0,00	1.878.998,00	0%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2016

	Rekstur 2016	Rekstur 2015	% hlutfall
			0%
			0%
Nr. 17 Íslandsmótið í högggleik			
Starfsmannakostnaður	0,00	2.672.015,00	0%
Aðkeypt þjónusta	0,00	4.803.078,00	0%
Kostnaður af endurbótum v. móts	0,00	1.402.550,00	0%
Tækjaleiga	0,00	527.333,00	0%
Kynningarkostnaður	0,00	1.045.973,00	0%
Annar kostnaður	0,00	256.447,00	0%
Samtals	0,00	10.707.396,00	0%
Nr. 18 Tekjur vegna 50 ára afmæli			
Framlög og styrkir	0,00	1.540.000,00	0%
Aðrar tekjur	0,00	50.000,00	0%
Samtals	0,00	1.590.000,00	0%
Nr. 19 Tekjur af Íslandsmóti í högggleik			
Mótagjöld	0,00	2.145.000,00	0%
Framlög og styrkir	0,00	8.230.000,00	0%
Samtals	0,00	10.375.000,00	0%











Rekstraráætlun 2017

REKSTRARÁÆTLUN

01.11.2016 - 31.10.2017

Skýr.	Áætlun 2017	Rekstur 2016	Rekstur 2015
REKSTRARTEKJUR			
Félagsgjöld	22.200.000,00	19.605.920,00	16.921.200,00
Tekjur af golfmótum	10.000.000,00	9.423.450,00	6.900.215,00
Barna- og unglingastarf	3.800.000,00	2.433.021,00	3.218.525,00
Framlög og styrkir	14.200.000,00	13.004.261,00	17.732.105,00
Tekjur af golfskála	16.000.000,00	14.028.496,00	17.008.227,00
Tekjur af velli	21.800.000,00	21.226.622,00	15.908.038,00
REKSTRARTEKJUR ALLS	88.000.000,00	79.721.770,00	89.653.310,00
REKSTRARGJÖLD			
Stjórnun & rekstur skrifstofu	18.900.000,00	16.285.624,00	14.896.772,00
Sameiginlegur kostnaður	3.200.000,00	3.285.502,00	2.987.888,00
Rekstur Garðavallar	26.800.000,00	25.634.572,00	23.710.380,00
Rekstur & viðhald fasteigna	3.600.000,00	3.200.957,00	3.203.594,00
Rekstur golfskála	16.000.000,00	15.773.749,00	18.210.324,00
Barna- og unglingastarf	5.400.000,00	4.898.604,00	4.672.381,00
Keppnissveitir og afrekskostn.	1.600.000,00	1.221.356,00	1.523.108,00
Kostnaður af golfmótum	4.600.000,00	4.378.760,00	4.547.013,00
REKSTRARGJÖLD ALLS	80.100.000,00	74.679.124,00	86.337.854,00
REKSTRARHAGNAÐUR (TAP)	7.900.000,00	5.042.646,00	3.315.456,00
FYRNINGAR	- 3.000.000,00	- 2.957.279,00	- 3.536.431,00
HAGNAÐUR FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD	4.900.000,00	2.085.367,00	- 220.975,00
FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD			
Vaxtatekjur & verðbætur	600.000,00	561.169,00	680.693,00
Vaxtagjöld	- 1.500.000,00	- 1.443.492,00	- 975.665,00
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS	- 900.000,00	- 882.323,00	- 294.972,00
HAGNAÐUR/-TAP ÁRSINS	4.000.000,00	1.203.044,00	- 515.947,00

SJÓÐSSTREYMISÁÆTLUN

01.11.2016 - 31.10.2017

Rekstrarhreyfingar	Áætlun 2017	Árið 2016	Árið 2015
Hagnaður (tap) ársins	4.000.000,00	1.203.043,98	- 515.947,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	3.000.000,00	2.957.279,00	3.536.431,00
Veltufé frá rekstri	7.000.000,00	4.160.322,98	3.020.484,00
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	100.000,00	38.448,00	- 393.573,00
Skammtimákröfur, lækkun (hækkun)	200.000,00	-192.232,00	- 2.569.258,00
Skammtimaskuldir, (lækkun) hækkun	500.000,00	-1.813.462,00	1.090.371,00
Nettó breyting	800.000,00	-1.967.246,00	- 1.872.460,00
Handbært fé frá rekstri	7.800.000,00	2.193.076,98	1.148.024,00
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfærðar framkvæmdir vélaskemmu		0,00	- 933.114,00
Eignfærðar framkvæmdir Garðavelli	- 5.500.000,00	-3.201.175,00	
Keypt tæki	- 5.000.000,00	-10.353.210,00	- 785.221,00
Vallarsalerni		0,00	- 1.004.092,00
Fjárfestingarhreyfingar	- 10.500.000,00	-13.554.385,00	- 2.722.427,00
Fjármögnunarhreyfingar			
Byggingaframlag frá Akraneskaupstað		3.000.000,00	8.000.000,00
Byggingaframlag fyrirtækja		0,00	223.010,00
Afborganir langtímaskulda	- 1.625.443,00	-2.109.680,00	- 2.109.681,00
Fjármögnunarhreyfingar	- 1.625.443,00	890.320,00	6.113.329,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	- 4.325.443,00	-10.470.988,00	4.538.925,00
Handbært fé í upphafi árs	5.059.223,00	15.530.212,00	10.991.287,00
Handbært fé í lok árs	733.780,00	5.059.223,00	15.530.212,00







Golfklúbburinn Leynir

Grímsholti - 300 Akranes

Sími: 431 2711

Netfang: leynir@leynir.is

Veffang: leynir.is